

13. júlí 2004

## Er ríkisvæðing að taka við af einkavæðingu?

### Samantekt

Ríkisstofnunum hefur fjölgað og rekstur þeirra aukist á undanförunum árum. Í gær benti Ríkisendurskoðun á að fjölmargar ríkisstofnanir færu fram úr fjárlögum árum saman. Verslunarráð hefur skoðað rekstur margra ríkisstofnana og komist að þeirri niðurstöðu að í mörgum tilfellum eru ríkisstofnanir að fara inn á svið einkafyrirtækja.

Á meðan stefna stjórnvalda um einkavæðingu hefur verið árangursrík og umtalsvert dregið úr umsvifum ríkisins á fyrirtækjamarkaði er ekki sömu sögu að segja um rekstur margra stofnana ríkisins. Ríkisstofnunum hefur fjölgað og rekstur þeirra orðið umfangsmeiri á undanförunum árum. Má segja að viss tegund ríkisvæðingar sé að hefjast að nýju þar sem a) nýjar stofnanir eru settar á laggirnar b) þær stofnanir sem fyrir eru færa út kvíarnar og bjóða minna út en áður c) ríkisfyrirtæki kaupa einkafyrirtæki. Sökum umfangs síns hefur rekstur ríkisins mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Í raun er það svo að tilteknir markaðir eru lokaðir fyrir nýjum hugmyndum og framboði á þjónustu. Verslunarráð varar við þessari þróun.

### Nýjar ríkisstofnanir settar á laggirnar

Hægt er að nefna fjöldamörg dæmi um ríkisstofnananir sem betur væru komin hjá einkafyrirtækjum. Sem dæmi má nefna keypti Flugmálastjórn á dögnum fjarskiptastöðina í Gufunesi af Símanum og stofnaði fyrirtækið Flugfjarskipti. Hér er um sérhæfðan rekstur að ræða sem vissulega hefði verið hægt að einkavæða. Í stað þess er fyrirtækið að fullu í eigu Flugmálastjórnar.

### Ríkisstofnanir færa út kvíarnar

Gott dæmi um ríkisfyrirtæki sem er í beinni samkeppni við einkafyrirtæki eru Landmælingar Íslands. Hið ríkisrekna fyrirtæki á að sinna ákveðinni grunnvinnu eins og viðhaldi og upplýsingagjöf en halda sig fjarri framkvæmdum og framleiðslu gagna í samkeppni við einkafyrirtæki. Í stað þess að hlúa að og styrkja einkafyrirtæki í landinu hafa Landmælingar verið í aukinni samkeppni við þau. Dæmi eru um að LMÍ hafi tekið yfir viðskiptahugmyndir einkafyrirtækja og gert að sínum. Verði framhald á aukinni starfsemi Landmælinga munu þau einkafyrirtæki sem hafa sérhæft sig á þessu sviði leggja upp laupana. Slíka þróun verður að varast.

Á árinu 2003 gerði Vinnueftirlit ríkisins starfsánægjukönnun fyrir Landspítala-háskólasjúkrahús auk þess sem Ríkisendurskoðun gerði starfsánægjukönnun hjá starfsmönnum Landhelgisgæslunnar. Það er hið besta mál að slíkar kannanir séu gerðar. Hins vegar verður ekki séð hvers vegna ríkisstofnanir annast gerð starfsánægjukannanna, þar sem mörg einkafyrirtæki sérhæfa sig í gerð slíkra kannanna.

Annað dæmi snýr að þvottahúsi Landspítala-háskólasjúkrahúss. Þvottahús spítalans rekur jafnframt saumastofu, sem sér um að útvega spítalanum lín. Fyrir utan að reka eigin saumastofu leigir spítalinn jafnframt út lín til annarra aðila. Þar með er spítalinn í beinni samkeppni við einkaaðila sem leigja út lín. Til að bæta gráu ofan á svart þvær spítalinn jafnframt það lín sem hann leigir út til annarra í stað þess að láta einkaaðila sjá um þvottinn. Verslunarráð telur að því væri best farið að spítalinn byði út rekstur þvottahússins, saumastofunnar og annarrar stoðþjónustu spítalans. Má þar nefna rekstur eldhúss og mótuneytis, framleiðslu sjúkrafæðis, ræstingu, sóttþreinsun, umsjón fasteignar, apóteks og röntgen- og rannsóknarþjónustu.

### **Ríkisfyrirtæki kaupa einkafyrirtæki**

Dæmi eru einnig um að ríkisfyrirtæki hreinlega kaupi einkafyrirtæki. Árið 2000 stofnuðu stjórnvöld hlutafélag, FLE hf., um rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Nýverið keypti FLE hf. allt hlutafé í Íslenskum markaði hf. Að sögn varaformanns stjórnar FLE er þetta gert til að gera FLE kleift að vinna hratt að nauðsynlegum breytingum í flugstöðinni til að laga starfsemi að örri fjölgun farþega og bæta jafnframt þjónustu á brottfararsvæðinu. Slík þróun er afar varhugaverð og hugmyndir opinberra starfsmanna um að þeir séu hæfari en einkaaðilar til að gegna tilteknum störfum og veita almenningi þjónustu á sviði verslunar standast ekki. Í gegnum tíðina hafa einkaaðilar sannað að þeir eru hæfari til að bjóða upp á betri þjónustu á hagkvæmara verði og því er hér um miklar ranghugmyndir ríkisstarfsmanna að ræða.

### **Hlutverk yfirmanna**

Hlutverk yfirmanna hjá fyrirtækjum í einkaeigu og opinberra er ekki hið sama. Yfirmenn opinberra fyrirtækja standa frammi fyrir þeirri áskorun að mæta annars vegar kröfum um góða og skilvirka þjónustu og hins vegar að halda útgjöldum í lágmarki. Yfirmenn fyrirtækja á einkamarkaði þurfa ávallt að leita allra leiða til að mæta kröfu neytenda og bjóða upp á úrvals vöru og þjónustu á sem lægstu verði. Þeir þurfa að taka að sér ný verkefni og auka rekstur fyrirtækja. Aukin umsvif ríkisfyrirtækja gerir það að verkum að launakostnaður ríkisins eykst og á liðnum árum hefur launakostnaður ríkisins aukist umfram almenna markaðinn. Þetta þýðir aukinn kostnað fyrir skattgreiðendur.

Yfirmenn margra opinberra stofnana verða að skynja hlutverk þessara stofnana og að mikilvægt sé að ríkið reyni eftir mætti að skapa grundvöll fyrir samkeppni á þeim sviðum sem þeir starfa á. Opinberir stjórnendur hafa margir hverjir hlotið sérstakar viðurkenningar frá ríkinu fyrir að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Það er vel en þó má ekki gleyma að mikilvægasta verkefnið er að auka samkeppni um sem flest verkefni á vegum hins opinbera en auka ekki ríkisvæðinguna.

### **Áframhaldandi uppbygging einkafyrirtækja**

Þegar Verslunarráð hefur borið upp áhyggjur af vaxandi umsvifum einstakra ríkisstofnana við stjórnvöld hefur því oft verið svarað að hægt hafi verið að gera hlutina ódýrar innanhúss hjá ríkinu. Þá er m.a. horft til þess að ekki þurfi að greiða virðisaukaskatt og að opinberir starfsmenn hafi verið á lausu til að sinna verkefnum. Virðisaukaskattur af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, þ.m.t. endurgreiðslur til þeirra er skilgreint í lögum. Ekki gætir fulls samræmis og sanngirnis í nügildandi virðisaukaskattslögum sökum þess að einungis er endurgreiddur virðisaukaskattur af vissri þjónustu en ekki allri. Opinberar stofnanir verða að gera ráð fyrir virðisaukaskatti í rekstri sínum ef hann telst í samkeppni við almennan markað. Mikið vantar þó uppá að þessum reglum sé framfylgt með fullnægjandi hætti og það er

Þagalegt fyrir íslenskt atvinnulíf. Allt stjórnkerfið verður að átta sig á að þegar horft er til lengri tíma er affarsælast að sem mest af þeirri þjónustu sem veitt er skattgreiðendum sé veitt á samkeppnisgrundvelli. Þannig er áframhaldandi uppbygging öflugra einkafyrirtækja tryggð og hagsmunum skattgreiðenda best gætt.

Nánari upplýsingar veitir Þór Sigfússon framkvæmdastjóri VÍ og Sigprúður Ármann lögfræðingur hjá VÍ.

Verzlunarráð Íslands s: 510-7100

[www.verzlunarrad.is](http://www.verzlunarrad.is)